

Fundargerð

4. Fundur stjórnar Vaxtarsamnings Suðurlands og Vestmannaeyja. Ársfundur samningsins fyrir árið 2008.

Haldinn að Hótel Rangá, Rangárþingi ytra, 30. mars 2009 kl. 12:00

Mætt voru:

Friðrik Pálsson, Hörður Sigurgestsson, Jóna Sigurbjartsdóttir, Elvar K. Valsson, Elliði Vignisson, Þorgils Torfi Jónsson, Hanna Dóra Hólm Másdóttir, Kristján Skarphéðinsson, Sigríður K. Þorgrímsdóttir, Auðunn Hermannsson, Einar Mathiesen, Hermann Ottósson, og Stefán Friðriksson. Gestir fundarins voru: Rögnvaldur Ólafsson, Bjarki Hilmarsson, Inga Þyrí Kjartansdóttir og Einar Sveinbjörnsson.

Einnig mætt:

Sædís Íva Elíasdóttir, Þorbjörn Jónsson, og Steingerður Hreinsdóttir sem skrifaði fundargerð. Þau eru starfsmenn Atvinnuþróunarfélags Suðurlands.

Kl. 12:00 á, undan formlegum fundi, var stjórn VSSV boðið til hádegisverðar á Hótel Rangá. Kl. 13:00 var gengið til hefðbundinnar dagskrár.

Fyrir fundinn lágu fundargögn: Ársskýrsla VSSV fyrir árið 2008 og Ársreikningur VSSV fyrir árið 2008.

1. Setning fundar.

Formaður stjórnar setti fund.

2. Ávarp frá iðnaðarráðuneytinu

Kristján Skarphéðinsson, skrifstofustjóri í iðnaðarráðuneytinu flutti ávarp. Hann lýsti yfir ánægju sinni yfir góðu gengi samningsins á Suðurlandi og tæpti á framtíðarsýn samninganna þar sem meiri áhersla verður lögð á rannsóknir og klasa á milli samninga.

3. Skýrsla framkvæmdaaðila VSSV

Sædís Íva Elíasdóttir, framkvæmdastjóri APS fór yfir það starf sem APS hefur unnið fyrir VSSV. Í máli hennar kom m.a. fram að á árinu 2008 voru samþykkt framlög til 10 nýrra verkefna í formi fjármagns. Einnig voru samþykkt framlög í 2 áframhaldandi verkefni. 4 verkefni ná yfir allt starfssvæðið, 8 verkefni eru staðbundin. Engum umsóknum var hafnað á árinu.

4. Ársreikningur VSSV fyrir árið 2008

Einar Sveinbjörnsson, endurskoðandi fór yfir Ársreikning VSSV fyrir árið 2008. Engar athugasemdir komu fram varðandi Ársreikninginn.

5. Net þekkingar frá Markaðsfljóti að Skeiðarársandi

Rögnvaldur Ólafsson, formaður verkefnastjórnar klasans kynnti verkefnið ásamt framtíðarsýn verkefnisins.

6. Matarklasi Suðurlands

Inga Þyri Kjartansdóttir, starfsmaður klasans og Bjarki Hilmarsson formaður verkefnisstjórnar klasans, kynntu matarklasaverkefnið, sem stutt var af VSSV.

Fundarmenn lýstu ánægju sinni með verkefnin og spurðu nánar út í þau. Áhugaverðar umræður sköpuðust og fundarmenn lýstu almennt ánægju sinni með þann farveg sem verkefnin eru komin í.

7. Önnur mál

Engin önnur mál voru borin upp

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 15:10